

30
31. maí

LÖG

um

afnám kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Kennarastóll í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands skal afnuminn.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld lög nr. 25, 2. nóv. 1914.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfríhöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

31
31. maí

LÖG

um

breyting á lögum nr. 38, 28. nóv. 1919, um samþyktir um akfæra sýslu- og hreppavegi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Aftan við 5. gr. laganna bætist:

Sömuleiðis má greiða framlög þessi úr sveitarsjóði eða sveitarsjóðum á samþyktarsvæðinu, sje það samþykkt með $\frac{2}{3}$ atkvæða á lög-